

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

UMS 69

2018-2019

Sprotaverkefnið í Setri
Verklag sem styður við lærdómsferli
nemenda með sérþarfir



Vörður í nemendamiðuðu skólastarfi

Hvernig styður sjónrænt skipulag

við virkni nemenda?

Nafn skóla:

Sunnulækjarskóli (sérdeild Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla).

Nafn verkefnisins:

Þekkingarsetur: Verklag sem styður við lærdómsferli nemenda með sérþarfir

Nafn verkefnisstjóra:

Kristín Björk Jóhannsdóttir, deildarstjóri í sérdeild Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:

UMS 69 2018-2019

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Pekkingarsetur: Að kortleggja verklag sem styður við lærdómsferli nemenda með sérþarfir:

Verkpáttur 1	1. Að setja saman vegvísi að ábyrgri teymisvinnu foreldra, skóla-, félags-, og heilbrigðisþjónustu.
Verkpáttur 2	2. Að setja saman vegvísi að aðlögun í námi með einstaklingsmiðun, vellíðan og virka þátttöku að leiðarljósi. Með áherslu á eftirfarandi þætti: <ul style="list-style-type: none">• Leiðir til að mæta ólíkri skynúrvinnslu og örva skynfærin.• Jafnt aðgengi nemenda að upplýsingum• Verkfæri sem styðja við tækifæri nemenda til tjáskipta• Bjargir til að bregðast við flókinni hegðun í flóknum heimi

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Sprotaverkefnið þróaðist með ánægjulegum hætti með aðkomu Svanhildar Svavarsdóttir, M.Sc. CCSLP, einhverfuráðgjafa. Svanhildur er talmeinafræðingur og með þjálfunarréttindi í TEACCH aðferðinni (skipulögð kennsla/þjálfun) sem stendur fyrir Treatment and education of Autistic and related communication handicapped children eða á íslensku meðferð og kennsla einhverfra og annarra með skyldar boðskiptaraskanir. Svanhildur hefur langa reynslu af ráðgjafarstörfum bæði hérlendis og í Bandaríkjunum og komið að stofnun margvíslegrar úrræða út frá TEACCH aðferðinni.

Svanhildur veitti handleiðslu og ráðgjöf, varðandi TEACCH aðferðina, með þátttöku í daglegu starfi í vikutíma í október, febrúar og maí.

Ágúst- september: Ígrundunarvinna starfsfólks um áhersluþætti, verklag og að stilla hugarfarið í breytingavinnu út frá hugmyndum Carol Dweck um grósku- og festuhugarfar.

Október: Fyrsta heimsókn Svanhildar í október fólst í að fylgja þremur teyimum í sérdeildinni eftir og kortleggja hvernig rýmið, kennsluskipulag og verkefni myndu styðja við vellíðan og sjálfstæði nemenda í skólastarfinu. Í lok heimsóknar voru gerðar töluverðar breytingar á skipulagi kennslusvæða í takt við hugmyndafræði TEACCH en samkvæmt henni er gert ráð fyrir svæði fyrir innlögn á hverju kennslusvæði, sjálfstæða vinnu, hópvinnu og leik. Nokkrum foreldrum var boðið upp á einkasamtal með Svanhildi þar sem hægt var að ræða áskoranir í daglegu lífi og velta upp leiðum og lausnum.

Nóvember – janúar: Teymin fóru af stað í tilraunavinnu með breytta kennsluhætti í tengslum við innlögn og sjálfstæða vinnu. Hönnun á sjónrænum skilaboðum til að styðja við virkni og sjálfstæði var fyrirferðamikil auk þess að móta einstaklingsmiðuð vinnukerfi. Teymin ígrunduðu sína styrkleika með aðstoð BELBIN styrkleikagreiningar (<https://www.belbin.com/>).

Febrúar:

Í heimsókn Svanhildar í febrúar höfðu öll teymin þörf á að velta upp og ræða þær áskoranir og hindranir sem þau höfðu upplifað. Einnig að fá viðbrögð á þá þróun sem hafði átt sér stað í verklagi með breytingu á kennslurými og kennsluháttum. Svanhildur var með í kennslustundum og fylgdist með skólastarfinu og í framhaldi fengu teymin handleiðslu og leiðsögn í gegnum samræður. Áhersla var lögð á samstarf við nokkrar þjónustustofnanir á vegum félagsþjónustu og þar var stutt við að setja upp hliðstætt TEACCH kerfi og samræma verklag varðandi nemendur. Svanhildur sat nokkra teymisfundir í nemendateymum sem opnaði á þverfaglegt samtal og samræðu foreldra, félags- skóla- og heilbrigðisþjónustu. Foreldrum var boðið upp á fræðsluerindi og starfsfólki í samstarfsskólum sérdeildar á Suðurlandi boðið að taka þátt. Góð mæting var á fræðslufundinn og mikil almenn ánægja með þann fróðleik sem Svanhildur lagði áherslu á.

Mars – apríl: Ígrundun teyma um útfærslur á nemendamiðari aðlögun á stundatöflu, vinnukerfi, sjónrænni miðlun og verkefnagerð. Áherslur voru ólíkar eftir teymum en öll teymin sáu ávinningin af breyttu verklagi.

Mái:

Í framhaldi af fræðslufundinum í febrúar komu fram beiðnir um að þörf væri að koma með kynningar inn á kennarfundir í skólunum. Verkefni okkar í maí var því að setja saman fræðsluerindi um TEACCH vegferðina og kynna í skólunum þremur í Árborg. Samstarfsskólar á Suðurlandi hafa einnig fengið aðgang að þessu fræðsluerindi.

Samhliða fræðsluerindi í hverjum skóla var boðið upp á samtal og samræðu fagfólks við Svanhildi sem gafst mjög vel. Aftur var nokkrum foreldrum boðið upp á einkasamtal.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Markmið verkefnisins voru yfirgripsmikil en segja má að með því að beina athyglinni að TEACCH hugmyndafræðinni þá hafi í raun náðst að vinna að öllum markmiðunum en með öðrum hætti en ráðgert var. Í verkáætlun var stefnt á **Pekkingarsetur** þar sem gögn yrðu aðgengileg á heimasíðu deildarinnar. Af þessu varð ekki að sinni en hins vegar var lokað FB síða búin til undir nafninu **Sprotasjóður – verklag sem styður við námsferli nemenda með sérþarfir** í þróunarferlinu. Þar eru myndir af skipulagi á rými, stundatöflum, vinnukerfum, félagsfærnisögum og verkefnum. Þegar leið á þróunarferlið fórum við að bjóða fleira fagfólki víða að af landinu inn á síðuna. Næsta skref er að skoða hvort síðan eigi að vera opin öllum sem hluti af ráðgjöf deildarinnar til skóla á Suðurlandi og skólafólks víða um land. Hinsvegar eru margvísleg gögn varðandi markmið um ábyrga teymisvinnu aðgengileg inn á heimasíðu deildarinnar <http://setrid.sunnulaek.is/namskra/> og segja má að þessi jarðvegur hafi nýst vel sem undirstaða fyrir þróunarverkefnið. Afurð verkefnisins varð áþreifanleg eins og stefnt var að í margvíslegum gögnum sem hægt er að miðla í ráðgjöf en ekki síður í þeirri óáþreifanlegu starfsþróun sem hver starfsmaður skynjaði hjá sjálfum sér.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningur af verkefninu fólst í þeirri starfsþróun sem verkefnið hafði í för með sér og áhuga á að taka þátt í breytingarstarfi. Kveikti eldmóð í starfsmannahópnum sem náði að smitast inn í skólasamfélagið í Árborg sem birtist í miklum áhuga á að kynnst verklaginu og prófa sig áfram með þær leiðir sem voru að skila góðum árangri. Verkefnið opnaði nýja sýn á nemendamiðaða nálgun í aðlögun náms þar sem áhugasvið og styrkleikar eru nýttir í allri verkefnagerð. Með auknum skilningi á því hvernig heilinn vinnur úr upplýsingum er hægt að rökstyðja betur þörf nemenda fyrir sjónræna miðlun á upplýsingum. Um leið og upplýsingamiðlun er orðin skilvirkari verður nemandinn virkari, sjálfstæðari og í meira jafnvægi. Fræðslumyndband þar sem helstu vörður í TEACCH skipulagi eru kynntar var óvænt afurð og ávinningur sem mun nýtast vel í fræðslu- og ráðgjafarstarfi deildarinnar. Foreldrar voru þakklátir fyrir tækifærið til að ráðfæra sig við sérfræðing sem gaf þeim nýja sýn og þekkingu.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Hugtökin nemendamiðað og kennaramiðað nám voru okkur hugleikinn í þróunarferlinu. Góð hugmynd og útfærsla t.d. á vinnukerfi var gjarnan nýtt fyrir marga nemendur sem dró úr einstaklingsmiðun. Þetta opnaði nýja sýn á eðli ráðgjafar, að lausnir á silfurfati frá öðrum er í flestum tilfellum ekki hægt að heimfæra beint yfir á annan nemanda. Nemendamiðun snýst um að horfa á þarfir sérhvers nemanda og móta aðlögun út frá því mati.

Við markvisst skoðum hvernig hinn einhverfi nemandi lærir og gerum allt sem þarf svo hann geti nýtt sér kennsluna sem fram fer hverju sinni. Við finnum hverju hann hefur áhuga á, hvað gefur merkingu, og hvað hann þarf og þá fyrst semjum við kennsluáætlun í samræmi við það. Þetta er nemendamiðað, eða það er ekki ég sem ákveð að þetta skuli hann læra og á þennan hátt. Nemendur á einhverfurófinu eru afar ólíkir, og með mismunandi færni. Þeir þurfa því einstaklingsmiðaða og mjög sérstaka námsumgjörð (Svanhildur Svavarsdóttir, 2019).

Þróunarferlið var ólíkt hjá teymunum og áherslur mismunandi eftir þörf nemenda. Ferlið reyndi á skilning okkar á starfsþróunarferli og mikilvægi þess að hver starfsmaður fengi tækifæri til að læra og uppgötva með því að gera tilraunir út frá sinni fagþekkingu og fá viðeigandi leiðsögn og stuðning. Starfsþróun hvers starfsmanns þarf að fá að þróast í takt við fyrri þekkingu og reynslu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur nú þegar haft mótandi áhrif á skólabraginn í sérdeild Suðurlands, Setrinu Sunnulækjarskóla. Kynningar í skólunum þremur á TEACCH vegferðinni hefur opnað á aukinn skilning og áhuga á að nýta verklagið til að styðja við lærdómsferli nemenda með sérþarfir í almennu skólastarfi. Verklagið er strax farið að nýtast í ráðgjöf okkar til skóla á Suðurlandi og heimsóknir verið tíðar á vormisseri til að skoða umgjörðina og gögn.

- Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Verkefnið hefur skilað því markmiði að starfsfólk hefur öðlast dýpri þekkingu og aukna færni í að nýta **skipulagða kennslu** samkvæmt **TEACCH hugmyndafræðinni** sem verklag til að styðja við lærdómsferli nemenda með sérþarfir.

Það er afar mikilvægt að byrja á að hrósa öllu starfsfólki í Setrinu fyrir frumkvöðla starf. Hér er unnið af mikilli næmni og umhyggju fyrir hverjum og einum nemanda. Samstarf milli starfsfólk virðist vera mjög gott og gæða samvinna. Við megum aldrei sofna á verðinum í vinnu með nemendur sem þurfa umfram stuðning (Svanhildur Svavarsdóttir, maí 2019).

Niðurstöður verkefnisins:

- Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Aukin þekking og skilningur á eðli einhverfu hefur eflt færni og hæfni okkar í að móta nemendamiðað nám sem styður við áhugasvið og styrkleika nemenda með sérþarfir. Skortur á **framkvæmdafærni** skýrist af ólíkri úrvinnslu heilans. Aðlögun á umhverfi og verkefnum snýst um að mæta þessum skorti með því að skipuleggja allar aðstæður og styðja við framkvæmdafærni.



Skipulögð kennsla þarf að vera í öllum aðstæðum því hún styður við sjálfstæði og virkni nemandans. Í öllum kennslustundum, frímínútum, rútuferðum, vettvangsferðum, frístund, tómstundastarfi og á heimili.

Helsta áskorunin var að aðskilja innlögn og sjálfstæða vinnu nemenda. Í því fólst í fyrsta lagi að tryggja að verkefnin í sjálfstæðu vinnunni væru þess eðlis að nemandinn gæti unnið þau sjálfstætt. Í öðru lagi að huga að verkaskiptingu í teymum varðandi innlögn og verkefnagerð. Aukin áhersla á nemendamiðun þar sem öll aðlögun frá stundatöflu til verkefna miðar að þjálfun á færni sem hefur tilgang til framtíðar og höfði til áhugamála. Markvisst var reynt að draga úr kennarastýringu með því að minnka munnleg fyrirsmæli. Þá kom í ljós veruleg þörf nemenda fyrir sjónræna miðlun til að geta verið sjálfstæð á eigin forsendum.






Rými:

Sjónrænar upplýsingar um hvað nemandi á að gera á hverjum stað. Greinileg svæði fyrir innlög, sjálfstæða vinnu og hópinnu.



Sýnishorn



Reglur í samveru

- Hlusta
- Einu talar í einu
- Hörfa á þann sem talar
- Tala fallega

NESTI OG FRÍMÍNÚTUR

- Ég byrja á því að borða nesti til að fá orku.
- Ég spila, hlusta á tónlist eða spjalla við vini.
- Ég get líka farið út á leiksvæði.
- Ég mæ nota snjalltæki þegar ég er búin að fá mér nesti.
- Ég mæ vera inn í Setri.

HÁDEGISMATUR OG ÁHUGASVIÐSVERKEFNI


- Ég borða mat í fjallasal til að fá orku.
- Ég vel verkefni í áhugasviðs-verkefnum.
- Ég dunda mér í áhugasviðs-verkefni og tala við vini.
- Ég geymi snjalltæki í tösku.
- Ég borða fyrst og svo get ég leikið með vinum.
- Þú líður mér vel.



Stundataflan:

Upplýsingar um námsgrein, staðsetningu og starfsmann. Getur verið listi, myndir, setningar. Virk notkun og nýtt til að láta vita af breytingum. Skýrt hvernig á að nota stundatöfluna: *taka af, merkja búið, haka við, setja í körfu, umslag.*

Sýnishorn



	Mánudagur	Þvinnur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:10-8:30	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera	Samvera
8:30-9:00	Aætun	Aætun	Aætun	Aætun	Aætun
9:00-9:30	Frímó	Frímó	Frímó	Frímó	Frímó
9:30-9:50	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti	Nesti
10:10-11:10	Trækniþjálfun	Trækniþjálfun	Trækniþjálfun	Trækniþjálfun	Trækniþjálfun
11:10-12:10	Sátt	Sátt	Sátt	Sátt	Sátt
12:10-12:30	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:30-2:50	Frítt	Frítt	Frítt	Frítt	Frítt
2:50-3:30	Lykilhæfni	Lykilhæfni	Lykilhæfni	Lykilhæfni	Lykilhæfni



Vinnukerfið:

Styður nemanda í að vinna sjálfstætt með því að segja hvað á að gera? Hvenær? Hversu lengi? Hvað svo?

Ferlin á milli:

Uppskrift, listi yfir allt sem gerist á milli atriða, félagsfærnisögur.

Áætlun

Sækja möppuna í skóflu.

Vinna eftir áætlunarkortið.

Ef mig vantar aðstoð fer ég til kennara.

Fara til kennara til að lesa.

Ganga frá möppunni ofan í skóflu.

Hrímsa borðið.

Neti	Víska	Lið	Áæt.
Áætunarkort	1. víska	1. lið	1. áæt.
Áætunarkort	2. víska	2. lið	2. áæt.
Áætunarkort	3. víska	3. lið	3. áæt.
Áætunarkort	4. víska	4. lið	4. áæt.
Áætunarkort	5. víska	5. lið	5. áæt.
Áætunarkort	6. víska	6. lið	6. áæt.
Áætunarkort	7. víska	7. lið	7. áæt.
Áætunarkort	8. víska	8. lið	8. áæt.
Áætunarkort	9. víska	9. lið	9. áæt.
Áætunarkort	10. víska	10. lið	10. áæt.

- 1. Seta sig
- 2. Fara skóflu
- 3. Bygja að vinnu
- 4. Vafarfa
- 5. Verfa
- 6. Vafarfa
- 7. Seta sig aftur

- 1. Þú skalt muna til að sýna mig all tölur.
- 2. Þú skalt muna um með mörkuðu '10'.
- 3. Þú skalt sýna mig.
- 4. Þú skalt muna um og sýna mig '10'.
- 5. Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig.
- 6. Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- 7. Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- 8. Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- 9. Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- 10. Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.

Sýnishorn

Ég er nemandi í Setrinu

- Ég læri í Setrinu og með bekkjum mínum.
- Ég læri með bókam, tölum, með umráðum, spilum og í verk.
- Ég er að arfa mig í að ná ákveðnum markmiðum.
- Ég fer verkefni sem hjálpa mig í mörgum námsgreinum í vinnu.
- Ég er allan skóladaginn að hjálpa mig með því að vera vísnesama.
- Ég er líka allan skóladaginn að arfa mig í samvinnu.
- Ég vil ná árangri í skólanum.
- Ég er árangri með því að taka þátt í verkefnum í limum.
- Ég er samstarfandi og gjófur nemandi.

Ég læri í Setrinu og í verk.

Ég er að arfa mig í að ná ákveðnum markmiðum.

Ég nær árangri með því að taka þátt.

Þema ferð

- Borðum nerti í skólanum og leggjum af stað kl. 9:10.
- Förum með rótu til Reykjavíkur að skoða Hvítavanninn.
- Í frítíminni má hafa þekkt sín.
- Á Hvítavanninum höldum við höpin og fylgjum reglum.
- Eftir Hvítavanninn stoppum við í Hvítavannarþing borðum Þítinu.
- Víð sjnum kortseti og gjófum borðseti.
- Komum heim á Selfossi kl. 13:30

Sund-¶

- Þú skalt muna til að sýna mig all tölur.
- Þú skalt muna um með mörkuðu '10'.
- Þú skalt sýna mig.
- Þú skalt muna um og sýna mig '10'.
- Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig.
- Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.
- Þú skalt muna um þetta tal og sýna mig '10'.

Sund/Þvottavagnskortið

Þvottavagnskortið

Klaða sig í...	Klaða sig í...	Klaða sig í...	Klaða sig í...	Klaða sig í...	Klaða sig í...
Klaða sig í málblátt	Klaða sig í málblátt	Klaða sig í þvottar	Klaða sig í þvottar	Klaða sig í hálft	Klaða sig í hálft
Klaða sig úr	Klaða sig í þvottar	Þvottar	Klaða sig úr þvottavagninum	Fara í sturtu og þvotta sér	Klaða sig í hálft

Verkefni	Verkefni	Verkefni
Verkefni	Verkefni	Verkefni

Góðgerðardagur

8:30-9:30	SÍÐ
1. Poppstöð	
2. Merkja vörur	
3. Lita/perla/spila	
4. Stöðvar á svæði	
10:10-11:10	SÍÐ
1. Poppstöð	
2. Merkja vörur	
3. Lita/perla/spila	
4. Stöðvar á svæði	
11:10-12:10	SÍÐ
1. Poppstöð	
2. Merkja vörur	
3. Lita/perla/spila	
4. Stöðvar á svæði	
12:30-13:00	
Áhugasviðsverkefni	

hafa hjóð


Sitja kyrt

vinna verkefni



Verkefni:

Einstaklingsmiðuð út frá áhugasviði. Fjölbreytt að gerð og reyna á ólík skynfæri og færni sem hefur tilgang til framtíðar. Sjónrænn rammi utan um hvert verkefni.



Sýnishorn



Tæknipjálfun
UT/Íslenska

Þetta ætla ég að læra í vetur:

- Geta beitt rétti fingrasétingu, nota báðar hendur á lykklaborði og fingur á heimalyklum
- Skrifa texta í Word ca. 7-10 setningar
- Únnið sjálfstærkt PowerPoint
- Únnið vettvöð
- Vistad verkefni á mínu svæði
- Sent tölvupóst með viðhengi
- Únnið í kennsluförum
- Notað pöskil til listaköpunar
- Fylgja reglum um netnotkun
- Gangna vel um tölvur og tækil sem þeim fylgja

www.worksheetfun.com

Copyright © 2014 www.worksheetfun.com All Rights Reserved

ykil Leifni Klúbbur

3. Tölvuklúbbur

Verkefni

Gögn í kassa:

- Stýrispjald

Verkiðsng:

1. Ná í gögn og stýrispjald í kassa
2. Skrá sig inn í tölvu
3. Vinna verkefnið sem fyrir er lagt
4. Fara yfir tímann með höpnum

Ræðið saman hvernig klúbbastarfið gekk

gögn	sk	net
Alfr Klúbburum tölu þétt		
Alfr Klúbburum geta tekið um aðstoð		
Alfr Klúbbur geta unnið sjálfstærkt		
Alfr Klúbbur geta unnið saman		
Alfr Klúbbur voru að vanda sig / samþykktum		

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið hefur kveikt neista víða í skólasamfélaginu og hugur er í stoðþjónustu Sunnulækjarskóla og starfsfólki í Setrinu, sérdeild Suðurlands að halda áfram þróunarstarfinu með því að styðja betur við innleiðingu á TEACCH aðferðinni inn á opnu kennslusvæðin í Sunnulækjarskóla og í ráðgjöf til skóla á Suðurlandi.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið var kynnt þann 27. mars 2019 á námskeiði hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð Ríkisins um Skipulagða kennslu út frá TEACCH aðferðinni. Verkefnið var kynnt í grunnskólunum þremur í Árborg í maí 2019.

Sprotaverkefnið fléttaðist inn í starfsþróunarverkefni skólaþjónustu Árborgar og var kynnt á uppskeruhátíð 7. júní 2019 í formi Menntabúða og erindis um starfsþróun í lærdómssamfélagi. Sjá má glærur hér:

https://notendur.hi.is/ingvars/Skjamyndir/Kristin_Bjork.pdf

Dagsetning: 19. júní 2019


Undirskrift verkefnisstjóra


Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla

Sunnulækjarskóli
Selfossi
skólustjóri